



Nefndasvið Alþingis

Velferðarnefnd

Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Efni: Umsögn Kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands um frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði, 313. mál, 154. löggjafarþing 2023-2024.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpi er tilgangur þess sagður vera að tryggja félagafrelsi 74. gr. stjórnarskrárinnar, rétt launamanna til að velja sér stéttarfélag, leggja bann við forgangsréttarákvæðum í kjarasamningum, vernda rétt launamanna til að standa utan verkfalla stéttarfélaga sem þeir tilheyra ekki og afnema greiðsluskyldu ófélagsbundinna launamanna þar sem þess er krafist í lögum eða kjarasamningum. Þá segir í greinargerð að frumvarpið miði að því að samræma lagasetningu og framkvæmd á almennum og opinberum vinnumarkaði.

Ef tilgangur flutningsmanna frumvarpsins er að tryggja félagafrelsi og standa vörð um réttindi launamanna, þá er frumvarpið verulega gallað. Þær lagabreytingar, sem lagðar eru til, eru þvert á móti til þess fallnar að veikja stöðu launamanna á vinnumarkaði og vega að stéttarfélögum sem hér starfa. Í greinargerð með frumvarpi er að finna ýmsar fullyrðingar um gildandi reglur á íslenskum vinnumarkaði sem gefa til kynna að höfundar þekki ekki, eða skilji ekki, til hlítar umfjöllunarefnið.

Í greinargerð er t.a.m. fullyrt að „[v]arla [sé] unnt að líta svo á að launamenn á Íslandi hafi raunverulegt frelsi til að ákveða félagsaðild sína sjálfir.“ Þessi fullyrðing stenst ekki skoðun. Hið rétta er að félagafrelsið er varið í 74. gr. stjórnarskrár og launamenn hafa frelsi til að velja sér félag, eftir því sem lög hvers félags segja, eða standa utan félaga.

Þá er jafnframt fullyrt í greinargerð að hvorki almannahagsmunir né knýjandi rök séu fyrir því að veita launamönnum misríka vernd eftir því á hvorum vinnumarkaðnum þeir starfa. Fyrir utan þá missögn að tala um „opinberan vinnumarkað“ þegar talað er um starfsmenn hjá hinu opinbera, standa sterk rök til þess að starfsmenn hjá hinu opinbera, sem fara með opinbert vald, njóti aukinnar verndar í störfum sínum. Hér verður líka að líta til þess, sem ekki kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, að vernd fyrir uppsögnum á almennum vinnumarkaði á Íslandi er minni en í öðrum ríkjum Evrópu. Það hefur stundum verið talið til einkenna og, að einhverra mati, styrkleika íslensks vinnumarkaðar hversu auðveldlega er hægt að ráða og reka starfsmenn. Þannig sé tiltölulega mikið flæði á íslenskum vinnumarkaði, samanborið við önnur ríki. Ef vinnuveitendum hjá hinu opinbera yrði gert jafn einfalt að segja upp ráðningarsamningum starfsmanna gæti slíkt auðveldlega leitt til óstöðugleika þar sem síst skyldi.



Í greinargerð með frumvarpi er því haldið fram að forgangsréttarákvæði í kjarasamningum megi leggja að jöfnu við skylduáðild að stéttarfélögum og leitt af dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í málum nr. 52620/99 og 52562/99 að forgangsréttarákvæði gangi gegn 11. gr. mannréttinasáttmála Evrópu. Það

verður að gera athugasemd við þessa fullyrðingu. Hún gengur m.a. þvert á nefndarálit stjórnarskrárnefndar um frumvarp til stjórnarskipunarlaganna frá 1995, þar sem fjallað var um forgangsréttarskylduna. Í álitni nefndarinnar sagði m.a. að forgangsréttarákvæði leiddu ekki af sér félagsskyldu af þeim toga sem fyrri málsliður 2. mgr. [74. gr. stjórnarskrár] tæki til.

Forgangsréttarákvæði í kjarasamningum útiloka ekki launamenn frá því að sinna störfum, né leiða þau beint til þess að launamönnum utan stéttarfélaganna skuli sagt upp störfum sem kjarasamningar ná til. Þvert á móti má halda því fram að með því að lögleiða bann við forgangsréttarákvæðum í kjarasamningum sé löggjafinn að skipta sér af samningsfrelsi aðila á vinnumarkaði.

Innheimta vinnuréttargjalds vegna launamanna sem standa utan stéttarfélaganna hefur viðgengist um langt tímabil hér á landi. Hún hefur ekki verið talin ganga gegn stjórnarskrárvörðu félagsfrelsi launamanna, sbr. nefndarálit stjórnarskrárnefndar frá 1995, né skorta lagastoð gagnvart atvinnurekendum, sem eru aðilar að kjarasamningum, annaðhvort beint eða vegna aðildar að samtökum vinnuveitenda, sbr. Hrd. 390/2010. Það verður ekki leitt af niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Varðar Ólafssonar gegn Íslandi, nr. 20161/06, sem fjallar um iðnaðarmálagjald til Samtaka iðnaðarins, að vinnuréttargjald til stéttarfélaganna sé andstætt 11. gr. mannréttinasáttmála Evrópu. Hér vísast sérstaklega til 75. tölul. í dómi MDE þar sem segir að aðildarríki hafi verulegt svigrúm til þess að ákvarða hvernig frelsi stéttarfélaganna til þess að tryggja atvinnuhagsmuni félaga sinna verði best tryggt. Ólíkt Samtökum iðnaðarins, sem skv. dóminum höfðu engar tiltekna skyldur gagnvart ófélagsbundnum aðilum sem lögðu fram iðnaðarmálagjald, standa stéttarfélög vörð um kjarasamninga sem hagnast launamönnum, hvort sem viðkomandi launamenn standa innan eða utan félaga.

Þær breytingar, sem lagðar eru til í frumvarpinu, eru til þess fallnar að veikja stöðu einstakra launamanna og auðvelda atvinnurekendum að synja þeim um kjarasamningsbundna réttarvernd. Það má auðveldlega sjá fyrir sér þær aðstæður að vinnuveitendur leggi að launamönnum að standa utan stéttarfélaganna, og fyrirgera um leið réttarvernd skv. kjarasamningum þeirra félaga.

Með fyrirhuguðum breytingum á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 er vegið að verkfallsvopni stéttarfélaganna með því að mæla fyrri um að ákvarðanir um vinnustöðvanir bindi einungis félagsmenn. Slíkar breytingar yrðu ekki til að bæta réttarstöðu launamanna að íslenskum rétti.



Við yfirferð einstakra greina frumvarpsins er ljóst að þessa frumvarpssmíð þarf að vanda mun betur ef taka á hana alvarlega. Sé það í raun vilji þingsins að breyta ákvæðum gildandi laga er nauðsynlegt að fara yfir öll ákvæði þeirrar löggjafar sem nú er í gildi, átta sig á mismunandi regluverki sem gildir um launafólk og atvinnurekendur og mismunandi regluverki sem gildir um almenna markaðinn og opinbera geirann. Það sem þessu frumvarpi er ætlað að tryggja er auk þess nú þegar að verulegu leyti tryggt með lögum og í stjórnarskrá. Því ætti ekki að vera þörf á að endurtaka slík ákvæði hér með sérlögum.

Vert er að taka fram að meirihluti félagsmanna Verkfæðingafélags Íslands (VFÍ) gerir svokallaða einstaklingsbundna ráðningarsamninga. Reynslan hefur sýnt að félagsmenn VFÍ eru stundum beittir þrýstingi að standa utan stéttarfélags eða ganga til liðs við stéttarfélag sem er atvinnurekanda þóknanlegt. Einnig finnast dæmi um að félagsmenn í starfi hafi verið beittir þrýstingi til að skipta um stéttarfélag. Í slíkum tilvikum er ljós yfirburðastaða atvinnurekanda og refsíákvæði laga marklaus í því samhengi.

Reykjavík, 6. nóvember 2023.

Stjórn Kjaradeildar Verkfæðingafélags Íslands.